

## Greinagerð um þátttöku barna og ungmenna í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi í Hafnarfirði

### 1704040 - Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar og fyrirtækja hans 2018 og 2019-2021

Á fundi fræðsluráðs þann 29. nóvember var eftirfarandi bókað um tillögur Samfylkingar og Vinstri grænna sem barst frá bæjarráði vegna breytinga á fjárhagsáætlun og vísað til Íþrótt- og tómstundanefndar:

1. Að fenginn verði óháður aðili til að taka út aðstöðu til iðkunar íþrótt- og tómstunda fyrir börn og ungmenni í Hafnarfirði, gera samanburð á aðstöðunni í sveitarfélaginu við önnur sambærileg sveitarfélög, kanna fjölbreytni í framboði íþrótt- og tómstunda fyrir börn og unglinga og greina hvar helst er þörf fyrir viðbótar uppbyggingu, aukinn rekstrarstuðning eða aðgerðir til að koma á fót nýrri starfsemi. Horft verði jafnt til íþrótt- og annarra tómstundaúrræða, s.s. listgreina. Sérstaklega verði lögð áhersla á að greina þörf fyrir uppbyggingu helstu innviða eftir svæðum innan bæjarins, með það að markmiði að tryggja að börn í Hafnarfirði búi við sambærileg tækifæri til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi óháð búsetu innan svæðisins.

Á grundvelli niðurstöðu þeirrar vinnu verði tekin endanleg ákvörðun um forgangsöröðun verkefna sem m.a. hafa komið fram í tillögum ÍBH og eftir atvikum öðrum hagsmunaaðilum sem sinna tómstundastarfi barna og unglinga í Hafnarfirði.

Mikilvægt er að þessari vinnu verði lokið eigi síðar en í lok janúar nk. þannig að hún þurfi ekki að leiða til tafa á framkvæmd einstakra verkefna.

Samþykkt var að vísa tillögunni til umfjöllunar og úrvinnslu hjá ÍTH. Meðal annars verði teknar saman upplýsingar úr þeim fjölda rannsókna, kannana og greininga sem til eru um framboð, viðhorf til þessarar þjónustu, þátttöku o.fl. í Hafnarfirði.

Íþrótt- og tómstundafulltrúa var falið að safna saman gögnum um málið eins og úr könnunum og skýrslum og kynna fyrir nefndinni það helsta sem til er varðandi málið. Reynt verði að skoða þetta í tengslum við hverfaskiptingu.

### Upplýsingar um íþróttir og tómstundir


Vefurinn [www.fristund.is](http://www.fristund.is) er hugsaður sem vettvangur fyrir tómstundaframboð á höfuðborgarsvæðinu. Þar er ætlunin að allir sem eru með frístundatilboð á höfuðborgarsvæðinu skrái sín tilboð og foreldrar og börn geti fundið þar eitthvað við sitt hæfi og skráð sig síðan í kjölfarið. Íþróttafélagin í Hafnarfirði nota þennan vef takmarkað á veturna en meira á sumrin fyrir sumarnámskeið sín. Upplýsingar og skráningar í íþróttafélagin fara aðallega fram í gegnum heimasíður félaganna og sama gildir með önnur félagasamtök og námskeið.

### Tómstundir og áhugi


Í ESBAD skýrslu frá árinu 2017 sem byggist á spurningalistagögnum frá 2015 þar sem hafnfirskir unglingar eru bornir saman við unglinga á Íslandi og í alþjóðlegum samanburði er spurt um mat þátttakanda á hversu mikið tómstundastarf væri í boði fyrir þau. Þátttakendur voru beðnir að taka afstöðu til spurningarinnar: „Hversu vel lýsir eftirfarandi þeim stað sem þú býrð á núna: **Það er mikið af skipulögðum tómstundum í boði?**“ Hafnfirskir unglingar voru aðeins neikvæðari en meðaltal jafningja þeirra af höfuðborgarsvæðinu sjá töflu:

| Hversu vel lýsir eftirfarandi þeim stað þar sem þú býrð núna: Það er mikið af skipulögðum tómstundum í boði? |               |                   |             |
|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------|-------------------|-------------|
|                                                                                                              | Hafnarfjörður | Höfuðborgarsvæðið | Landið allt |
| Lýsir mjög illa                                                                                              | 6,3%          | 3,8%              | 5,2%        |
| Lýsir frekar illa                                                                                            | 2,7%          | 5,3%              | 7,9%        |
| Hvorki né                                                                                                    | 30,4%         | 25,0%             | 24,8%       |
| Lýsir frekar vel                                                                                             | 33,9%         | 36,6%             | 37,4%       |
| Lýsir mjög vel                                                                                               | 26,8%         | 29,2%             | 24,5%       |

Rannsóknir og greining vinna að gerð kannana fyrir Menntamálaráðuneytið og sveitafélög. Hafnarfjarðarbær hefur fengið frá árinu 2003 sérstaka úrvinnslu úr þessum könnunum varðandi ungt fólk í Hafnarfirði. Í könnun frá þeim frá árinu 2017 þar sem 85% barna í 5.-7. bekk í Hafnarfirði svaraði kemur fram að um 22% - 39% nemenda í hverjum árgangi stunda æfingar eða keppni einu sinni til þrisvar með íþróttafélagi í viku hverri.




Síðan er leitað að þeim sem stunda íþróttir fjórum sinnum í viku en rannsóknir sýna sterka fylgni á milli þess að stunda oft íþróttir og þess að lifa heilbrigðu lífi.



Samkvæmt þessum gögnum þá stunda hafnfirskir miðeildarnemendur mikið íþróttir eða frá um 70% af hverjum árgangi upp í 89%. Þessar tölur eru í takt við meðaltal á Íslandi og á höfuðborgarsvæðinu.

Næsta mynd sýnir hlutfall nemenda sem stundar söng- eða tónlistarnám einu sinni í viku eða oftar. Þar er Hafnarfjörður aðeins undir meðaltali á Íslandi. En hér í Hafnarfirði hefur verið umfram eftirspurn eftir tónlistarnámi í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og biðlisti.




Rannsóknir og greining var árið 2016 með stóra spurningalistakönnun meðal unglinga í 8. – 10. bekk og svarhlutfall héðan var 85%. Um er að ræða þýðisrannsókn þar sem öll svör nemenda eru notuð en ekki úrtaksrannsókn þar sem hluti hópsins er spurður spurninga. Forsvarsmenn þessara rannsókna hafa mest horft á vímuefnaneyslu ungs fólks en dregið hefur verulega úr henni. Meðal ástæða fyrir þeirri jákvæðu þróun er aukið framboð á skipulögðu frístundastarfi fyrir ungt fólk. Skipulagt frístundastarf er iðulega unnið af hendi fagaðila og leiðaljóss heilbrigðra lífsgilda höfð sem markmið starfsins.

Í könnunni frá 2016 voru nemendur spurðir meðal annars um hvort að foreldrar hefðu efni á að greiða fyrir tómstundastarf sem unglingurinn sjálfur vildi helst stunda. Í Hafnarfirði svöruðu 4% nemenda á þá leið að svo væri ekki en meðaltal annarstaðar var 3%.


Fram kom að 14% nemenda í 8. bekk segjast vinna með skóla og síðan eykst atvinnuþátttakan með aldrinum og 38% nemenda í 10. bekk segjast vinna með skóla. Yngri nemendur vinna styttra en þeir eldri og 13% nemenda í 10. bekk vinna meira en 10 klst. á viku.

17-28% nemenda í unglingadeild æfir eða keppir með liði einu til þrisvar sinnum í viku hverri að jafnaði. Næsta mynd sýnir aftur á móti hlutfall þeirra sem æfa oftar í viku hverri eða fjórum sinnum eða oftar í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landsmeðalta.




### Félagsmiðstöðvar

Hlutfall nemenda í 8. – 10. bekk sem taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi í samanburði við höfuðborgarsvæðið og landsmeðaltal. Hér má sjá glögt að þeim fer fækkandi unglingum í Hafnarfirði sem stunda skipulagða félagsstarfið eftir því sem þeir eldast.



Í hverjum grunnskóla sem Hafnarfjarðarbær rekur er félagsmiðstöð sem býður öllum unglingum 13-15 ára upp á öflugt starf þrjá daga í viku hverri. Miðdeildar börnum er einnig boðið upp á hópastarf og opin hús. Gerð var úttekt á þjónustu félagsmiðstöðva fyrir þrem árum sem fulltrúar frá Menntavísindasviði HÍ framkvæmdu, í þeirri vinnu var lögð á það áhersla að heyra raddir unglinganna. Íþrótt- og tómstundanefnd Hafnarfjarðarbæjar (ÍTH) fór þess á leit við rannsakendur við Menntavísindasvið HÍ að taka að sér framkvæmd matsins og skrifa skýrslu. Gagnasöfnun fór fram í febrúar, mars og apríl 2014 og var m.a. rýnihópur unglinga að ræða um stöðu ungs fólks og

spurningalisti lagður fram. Þar kemur fram, eins og næsta mynd sýnir, að unglingarnir eru nokkuð sáttir við sínar félagsmiðstöðvar.




Félagsmiðstöðvar ÍTH bjóða upp á sértækt hópastarf fyrir börn og unglinga í áhættuhópum og/eða unglinga sem standa höllum fæti. Þeir sem sækja sértækt hópastarf taka jafnan virkan þátt, að mati starfsfólks, og starfsfólk taldi starfið skila miklum árangri. Í þessu starfi er reynt að virkja þá sem stunda ekki hefðbundið tómstundastarf inn í starf félagsmiðstöðva. Nálægð félagsmiðstöðvar við skólann og nemendur eykur líkur á að leitarstarf sem miðar að því að finna þessi börn skili árangri.

Ungmennahús sem áður hét Gamla bókasafnið og var fyrir 16 ára og eldri hefur breyst í frístundaheimili og atvinnutengt úrræði fyrir fötluð ungmenni. Vinna er hafin við að skoða möguleika á að nýta Skattstofuna fyrir þessa starfsemi og vinnur Ungmennaráð Hafnarfjarðar að því að skoða málið og móta tillögu um framvindu.

## Íþróttir

Í íbúakönnunum kemur ítrekað fram að bæjarbúar eru afar ánægðir með íþróttamannvirkinn í Hafnarfirði. Íbúakönnun Gallup frá 2017 sýnir þetta glögg.

**Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með ... ?**




Hafnarfjarðabær hefur tekið tillit til óska Íþróttabandalags Hafnarfjarðar varðandi uppbyggingu íþróttamannvirkja. Íþróttabandalagið er regnhlífasamtök íþróttafélaganna og á þeirra vettvangi er unnið að fjölmörgum miðlægum verkefnum eins og að deila út fyrir hönd Hafnarfjarðarbæjar tímum í íþróttamannvirkjum og styrkjum. Traust er ríkjandi á milli Hafnarfjarðarbæjar og ÍBH um þessi verkefni og framkvæmd þeirra. Hjá ÍBH er gerður forgangslisti yfir óskir þeirra varðandi uppbyggingu og í nýrri fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar er farið eftir óskum ÍBH. Flest íþróttafélög eru með hugmyndir og óskir um stækkun svæða og mannvirkja sinna og að aðbúnaður batni.

Íþróttafélögin í ÍBH eru 18 talsins og í þeim eru fjölmargar mismunandi deildir. Hafnarfjarðabær styður við starfsemi þeirra og í nýlegum þjónustusamningum er það fjöldi barna, sem eru iðkendur, sem ræður mestu um fjárstuðning sveitarfélagsins við hvert félag.

Hingað til hafa íþróttafélögin horft til þess að Hafnarfjörður sé eitt íþróttahverfi að sögn framkvæmdastjóra ÍBH og horft til þess að börn allstaðar úr sveitarfélaginu hafi aðgang að íþróttafélögunum óháð búsetu.

1. Bjarkirnar
2. DÍH
3. HLH
4. Skátar
5. Listdanskólinn
6. BH
7. Tónlistarskóli
8. SH
9. Fjörður
10. AÍH
11. Kvartm.
12. SHÍ
13. Þytur



Frístundaakstur sem hófst á síðasta ári er m.a. framlag Hafnarfjarðarbæjar til að auka aðgengi barna að íþróttum óháð því hvar þau búa. Verkefnið er samvinnuverkefni FH, Hauka og Bjarkanna auk þess sem Hópbílar taka þátt í því. Í dag er ekið með nemendum úr sex og sjö ára bekkjum á æfingar og nýta rúmlega 300 börn sér þessa þjónustu. Næsta haust er fyrirhugað að auka þennan akstur og aka með nemendum úr fyrstu fjórum árgöngum allra grunnskóla á æfingar og í tónlistarnám á dagtíma. Hér er verið að stytta vinnudag barna, auka og jafna aðgengi að íþróttum, nýta íþróttamannvirki fyrir á daginn og aðstoða foreldra við að koma börnunum á æfingu.

Strætó ekur um Hafnarfjörð og fer í gegnum öll hverfi og stoppar nálægt flestum íþróttasvæðum utan skotsvæði SÍH, akstursvæði Kvartmíluklúbbsins og AÍH og reiðhallar Sörla. Ekki eru til greiningar á aldri notenda en stöðugt er verið að þróa akstursleiðir með það að markmiði að þjóna íbúum sem best.

Frístundastyrkurinn hefur þróast mikið síðustu ár (unnið er að gerð tölfræði ársins 2017 sem birt verður á næstunni). Reglur hafa verið rýmkaðar umtalsvert til að tryggja að börn eigi auðveldar með að stunda sín áhugamál. Áður var ekki hægt að nýta styrkinn í öðrum sveitarfélögum ef sambærileg tómstund væri í Hafnarfirði. Nú skiptir það engu máli hvort íþróttin sé líka í Hafnarfirði og í öðru sveitarfélagi, börnin og foreldrar velja. Upphæðir hafa hækkað umtalsvert sem Hafnarfjarðarbær styður hvert barn. Árið 2015 gátu 11 ára börn fengið 1750 kr. á mánuði en frá og með janúar 2018 fær hvert barn 4000 kr. á mánuði. Aldursviðmið hækkuðu árið 2016 og nú geta börn fram að 18 ára aldursári fengið styrkinn. Nýverið var samþykkt að heimila notkun styrksins fyrir nám í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Gert hefur verið samkomulag við **alla** aðila sem uppfylla viðmið Hafnarfjarðarbæjar varðandi notkun á [frístundastyrknum](#) hvort sem þeir eru í Hafnarfirði eða utan. Markmiðið er að gefa unga fólkinu tækifæri á að stunda heilbrigðar tómstundir.

Skipulagt íþróttar- og tómstundastarf þarf að uppfylla eftirfarandi skilyrði til að teljast styrkhæft:

- Meginskilyrði fyrir endurgreiðslu til félaga verður að starfsemin sé á forsendum uppeldislegra gilda og forvarna í víðustum skilningi.
- Starfsemin fari fram undir leiðsögn hæfra starfsmanna, þannig að fagmennska sé viðhöfð við kennslu og þjálfun barna og unglunga. Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun, kennslu- eða leiðbeinendastörf í barnastarfi ein síns liðs. Fagaðili/þjálfari getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Frístundastyrkir ná einungis til félaga með skipulagða kennslu/þjálfun í að minnsta kosti 10 vikur í senn og að lágmarki eina æfingu í viku.

Í Hafnarfirði eru margir aðrir aðilar sem eru með barna- og unglingastarfs. Hafnarfjarðarbær styður með beinum hætti við tómstundastarf þar sem greiða þarf fyrir þátttöku eins og skáta-, leiklista-, skák- og listdanskólastarfi auk sjálfstyrkingar og annarra verkefni sem samræmast reglum um frístundastyrk s.s. varðandi tímalengd námskeiða, aðbúnað og þjálfun. Í trúfélögum fer fram barna og unglingastarf sem er ekki beint styrkt af sveitarfélaginu.

## Lokaorð

Upplýsingar um framboð á tómstundum er verkefni sem þarf að huga betur að og sérstaklega gagnvart þeim foreldrum sem eru af erlendu bergi og þekkja ekki til íslensks samfélags.

Það sem er að mati undirritaðs er aðallega þrennt sem sem þyrfti að skoða sérstaklega varðandi framtíðaruppbyggingu í íþróttar- og tómstundamálum í Hafnarfirði.

1. Börn sem ekki taka þátt í skipulögðu tómstundastarfi. Að mínu mati er mikið framboð á skipulögðu tómstundastarfi í Hafnarfirði. Það að hafa breytt hjólabrettaáhuga í skipulagt félagsstarf sem nær m.a. til þeirra sem ekki fundu sig áður í skipulögðu félagsstarfi er afrek og gott fordæmi um hvernig sveitarfélagið á að stýra tómstundamálum. Rannsóknir sýna að þau börn sem ekki finna sig í skipulögðu tómstundastarfi eru líklegri til að lenda í alls konar vanda síðar meir. Við þurfum að skoða betur þennan hóp og búa til verkefni sem ná til þeirra. Dæmi um slíkan hóp er börn sem safnast saman í verslunarmiðstöðinni Firði og stunda þar óskipulagt starf og því miður sýnir sagan að þessi hópamyndun hefur neikvæðar afleiðingar fyrir þau.
2. Framboð á listatengdum námskeiðum og verkefnum fyrir börn. Hér er öflugur tónlistarskóli og leiklistarstarf sem hefur náð til margra barna en þrátt fyrir það þá er ekki mikið framboð á námskeiðum og verkefnum tengdum öðrum listgreinum. Börnum gefst tækifæri á að nýta frístundastyrk í öðrum sveitarfélögum og til er gott fordæmi frá [Kópavogi](#) þar sem er til öflugur myndlistaskóli. Dæmi um verkefni sem gæti náð til barna sem hafa áhuga á listum er að Námsflokkar bjóði upp á aukið framboð af námskeiðum, að sveitarfélagið styrki listamenn í að bjóða upp á smíðjur og námskeið fyrir börn, að sveitarfélagið leggi fram aðstöðu og stuðning vegna slíkra námskeiða og samið verði við hóp listamanna um að standa að listengdu starfi með börnum s.s. með stofnun skóla um slíkt.
3. Ungmennahús. Í hverjum grunnskóla er rekinn félagsmiðstöð en þegar grunnskóla er lokið vantar miðlægt ungmennahús í Hafnarfjörð þar sem 16 ára ungmenni og eldri fá tækifæri til að sinna sínum áhugamálum. Pláss er í gömlu skattstofunni sem er á afar góðum miðlægum stað og væri hægt að nýta reynsluna úr Gamla bókasafninu til að byggja upp starfsemi ætluðu ungu fólki. Stutt er í miðbæinn, samgöngur góðar og nálægð við Flensborg.

Undirritaður er alls ekki óháður aðili en hefur starfað fyrir sveitarfélagið og íbúa þess í ein 30 ár með það að leiðarljósi að auka velferð barna og þátttöku í heilbrigðu tómstundastarfi. Með því að auka framboð á tómstundum fyrir börn og bæta aðgengi að tómstundum er hugað að velferð barna.

12. janúar 2018



Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar

